

**Starfsáætlun Grunnskóla Grindavíkur 2011-2012**



**GRUNNSKÓLI  
GRINDAVÍKUR**

---

# LEIÐARLJÓS

---

## VIÐ Í GRUNNSKÓLA GRINDAVÍKUR VILJUM:

---

- ✚ skapa þannig umhverfi, í samráði við foreldra, að öllum líði vel og allir læri að bera virðingu fyrir sjálfum sér og umhverfi sínu
- ✚ að frá skólanum fari einstaklingar sem tilbúnir eru til þess að takast á við eigin framtíð

---

## EFNISYFIRLIT

---

Efnisyfirlit .....	3
Inngangur.....	4
Hagnýtar upplýsingar.....	4
Forföll og leyfi nemenda.....	5
Skóladagatal.....	6
Vettvangsferðir .....	7
Skipurit skólans.....	8
Skóladagur nemenda.....	9
Samskiptadagar – foreldraviðtöl.....	9
Bekkj Jarvisar.....	9
Upplýsingar um nemendur.....	9
Skólareglur.....	9
Starfsmenn.....	10
Starfsmenn.....	11
Skólaráð.....	12
Foreldrafélag.....	12
Nemendafélag.....	13
Nemendafélag.....	14
Fræðslunefnd.....	14
Umbóta- og þróunarstarf.....	14
Umbóta- og þróunarstarf.....	15
Innra mat.....	16
Uppbyggingarstefnan.....	17
Af heilum hug.....	17
Fjölsmiðja.....	18
Lestur og lestrarstefna.....	18
Comenius .....	18
Heimanámsstefna.....	18
Stærðfræðikennsla á unglingsstigi.....	19
Valgreinar.....	20
Valgreinar.....	21
Stoðþjónusta skólans.....	21
Skólahjúkrun.....	22
Skólahjúkrun.....	23
Námsráðgjafi.....	24
Nýbúakennsla.....	24
Sérdeild – Námsver.....	25
Sérkennsla.....	25
Sérkennsla.....	26
Nemendaverndarráð.....	26
ART þjálfun.....	27
Skjól.....	28
Skjól.....	29
Mötuneyti.....	30
Símenntunaráætlun.....	30
Áfallaáætlun.....	30
Eineltisáætlun.....	31
Viðbragðsáætlun almannavarna.....	31
Viðbrögð við hættuástandi.....	31
Þemadagar.....	31
Þemadagar.....	32
Samstarf við Tónlistarskóla Grindavíkur.....	32

---

## INNGANGUR

---

Samkvæmt 29 gr. grunnskólalaga ber hverjum grunnskóla að gefa út skólanámskrá og starfsáætlun. Skólastjóri er ábyrgur fyrir gerð þeirra og skal semja þær í samráði við kennara. Skólanámskrá er nánari útfærsla á Aðalnámskrá grunnskóla um markmið, inntak náms og námsmat, starfshætti og mat á árangri og gæðum skólastarfs. Skólanámskrá tekur mið af sérstöðu grunnskóla og aðstæðum og skal endurskoða reglulega.

Í árlegri starfsáætlun er m.a. gerð grein fyrir skóladagatali, þ.m.t. lengd jólaeyfis, páskaleyfis og annarra vetrarleyfa, starfsáætlun nemenda, skólareglum, stoðþjónustu, félagslífi og öðru því sem varðar starfsemi skólans ár hvert. Þar skal birta upplýsingar um starfslið skólans, stjórnkerfi, mögulegan stuðning fyrir nemendur af ýmsu tagi og almennar hagnýtar upplýsingar um skólahlald hvers skólaár. Starfsáætlun skóla skal árlega lögð fyrir skólanefnd til staðfestingar sem staðfestir gildistöku hennar þegar ljóst er að hún hafi verið unnin í samræmi við lög, reglugerðir, aðalnámskrá, kjarasamninga og ákvarðanir sveitastjórnar um fyrirkomulag skólahlalds. Hér birtist starfsáætlun Grunnskóla Grindavíkur fyrir skólaárið 2011-2012 nánari upplýsingar er hægt að nálgast í skólanámskrá á heimasíðu skólans

<http://www.grindavik.is/grunnskoli/heim>

---

## HAGNÝTAR UPPLÝSINGAR

---

Grunnskóli Grindavíkur  
Ásabraut  
240 Grindavík

Hópsskóli  
Suðurrhóp 2  
240 Grindavík  
Sími: 420-1150  
Netfang: [skolinn@grindavik.is](mailto:skolinn@grindavik.is)  
Heimasíða: <http://www.grindavik.is/grunnskoli>

Skólastjóri er Páll Leó Jónsson

Umsjónarmaður fasteignar í Grunnskólanum er Daníel Júlíusson s. 660-7307

Umsjónarmaður fasteignar í Hópsskóla er Sveinbjörn Jónsson s. 660-7327

Skrifstofa skólans er opin frá kl. 07:45-16:00 mánudaga – fimmtudaga og frá kl.07:45-15:00 á föstudögum.

---

## FORFÖLL OG LEYFI NEMENDA

---

Forráðamenn tilkynna forföll nemenda fyrir upphaf skóladags , til ritara skólans í síma 420-1150 eða á heimasíðu skólans <http://www.grindavik.is/fjarvistun>

Ef nemandi þarf að fá leyfi hluta úr degi eða einn skóladag skal haft samband við skrifstofu skólans. Ef um leyfi þrjá daga eða meira skal sækja um það á skrifstofu skólans. Eyðublöð eru á heimasíðu skólans <http://www.grindavik.is/grunnskoli/eydublod>

Það er á ábyrgð foreldra/forráðamanna að sjá til þess að nemendur vinni upp það námsefni sem þeir missa af í lengra leyfi. Ef óskað er eftir undanþágu frá skyldunámi í námsgrein er sótt um það skriflega til skólastjóra sem leggur umsókn fyrir nemendaverndarráð til umsagnar.

## SKÓLADAGATAL

Samkvæmt skóladagatali eru skóladagar nemenda 180.

Samband íslenskra  
sveitarfélaga

### Skóladagatal 2011 - 2012

Nafn skóla:

ÁGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NÓVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MÁRS	APRÍL	MÁJ	JÚNÍ
1 M	1 F	1 L	1 Þ	1 F	1 S	1 M	1 F	1 S	1 Þ	1 F
2 Þ	2 F	2 S	2 M	2 F	2 M	2 F	2 F	2 M	2 M	2 L
3 M	3 L	3 M	3 F	3 L	3 Þ	3 F	3 L	3 Þ	3 F	3 S
4 F	4 Þ	4 M	4 F	4 S	4 M	4 L	4 Þ	4 M	4 F	4 M
5 F	5 M	5 L	5 Þ	5 M	5 F	5 S	5 M	5 F	5 L	5 Þ
6 L	6 Þ	6 M	6 F	6 S	6 M	6 F	6 Þ	6 M	6 S	6 M
7 S	7 M	7 F	7 M	7 M	7 L	7 Þ	7 M	7 L	7 M	7 F
8 M	8 F	8 L	8 Þ	8 F	8 S	8 M	8 F	8 S	8 Þ	8 F
9 Þ	9 M	9 S	9 M	9 F	9 M	9 F	9 F	9 M	9 M	9 L
10 M	10 L	10 M	10 F	10 S	10 Þ	10 F	10 L	10 Þ	10 F	10 S
11 F	11 S	11 M	11 F	11 S	11 M	11 L	11 S	11 M	11 F	11 M
12 F	12 M	12 M	12 L	12 M	12 F	12 S	12 M	12 F	12 L	12 Þ
13 L	13 Þ	13 F	13 S	13 M	13 F	13 M	13 Þ	13 F	13 S	13 M
14 S	14 M	14 F	14 M	14 M	14 L	14 Þ	14 M	14 L	14 M	14 F
15 M	15 F	15 L	15 Þ	15 M	15 S	15 M	15 F	15 S	15 Þ	15 F
16 Þ	16 F	16 S	16 M	16 F	16 M	16 F	16 M	16 M	16 F	16 L
17 M	17 L	17 M	17 F	17 L	17 Þ	17 F	17 Þ	17 F	17 M	17 S
18 F	18 S	18 M	18 F	18 S	18 M	18 L	18 S	18 M	18 F	18 M
19 F	19 M	19 L	19 M	19 M	19 F	19 S	19 M	19 F	19 L	19 Þ
20 L	20 Þ	20 F	20 S	20 M	20 F	20 M	20 Þ	20 F	20 S	20 M
21 S	21 M	21 F	21 M	21 M	21 L	21 Þ	21 M	21 L	21 M	21 F
22 M	22 L	22 M	22 F	22 S	22 M	22 F	22 M	22 S	22 Þ	22 F
23 Þ	23 F	23 S	23 M	23 F	23 M	23 F	23 F	23 M	23 M	23 L
24 M	24 L	24 M	24 F	24 L	24 Þ	24 F	24 L	24 Þ	24 F	24 S
25 F	25 S	25 M	25 F	25 S	25 M	25 L	25 S	25 M	25 F	25 M
26 F	26 M	26 L	26 M	26 F	26 F	26 S	26 M	26 F	26 L	26 Þ
27 L	27 Þ	27 F	27 S	27 M	27 F	27 M	27 Þ	27 F	27 S	27 M
28 S	28 M	28 F	28 M	28 M	28 L	28 Þ	28 M	28 L	28 M	28 F
29 M	29 F	29 L	29 M	29 F	29 S	29 M	29 F	29 S	29 Þ	29 F
30 Þ	30 M	30 S	30 M	30 F	30 M	30 F	30 M	30 M	30 M	30 L
31 M		31 M		31 L	31 Þ		31 L		31 F	

Samkvæmt kjarasamningi sveitarfélaga við Kennarasambands Íslands skulu skóladagar nemenda vera 180 á tímabilinu 20. ágúst til 10. júní.  
Sérstakir starfsdagar kennara á starfstíma nemenda eru fimm og skulu ákveðnir af skólastjóra í samráði við kennara og með hlífðun af kjarasamningum.  
Starfsdagar kennara utan starfstíma nemenda eru 8.

## VETTvangsferðir

Á vegum Grunnskóla Grindavíkur fara nemendur í ýmsar skipulagðar vettvangsferðir/ferðalög. Auk þessa fara nemendur í stuttar vettvangsferðir í Grindavíkurlandi allt skólaárið. Skipulagðar vettvangsferðir veturinn 2011-2012 eru:

### 1.-4. bekkur

1. bekkur	2. bekkur	3. bekkur	4. bekkur
Heimsókn í Garðhús vor	Heimsókn til tannlæknis Heimsókn á pósthúsið	Reykjavíkurförð - Alþingi heimsótt - Miðbærinn skoðaður -	Gróðursetning í Lágafelli umsjón „Gróðurs í landnámi Ingólfs“ vor
Fjöruförð (Bót)	Fuglaskoðunarferð Fræðasetrið í Sandgerði Vorferð		Reykjaneshringurinn - vorferð -Fræðasetrið -Vitar -Víkingaskipið -Sund


### 5.-7. BEKKUR

5. bekkur	6. bekkur	7. bekkur
Þjóðminjasafnið - vorferð	Árbæjasafn - vorferð	Nágrenni Grindavíkur - vorferð
Stuttar ferðir til að huga að plöntum sínum í Lágafelli	Gróðursetning í Selskógi í samvinnu við Skógræktarfélag Grindavíkur – vor	Reykjaskóli 21. – 25.nóv.

### 8.-10. BEKKUR

8. bekkur	9. bekkur	10. bekkur
Óvissuferð,dagsferð að vori	Tveggja daga óvissuferð að vori Gróðursetning í umsjón „Gróðurs í landnámi Ingólfs“	Tveggja daga óvissuferð að vori

## SKIPURIT SKÓLANS



Stjórnunarteymi Grunnskóla Grindavíkur skólaárið 2011 – 2012:

- Páll Leó Jónsson skólastjóri
- Pálmi Ingólfsson deildarstjóri 7. – 10. bekk, staðgengill skólastjóra
- Ásrún Kristinsdóttir deildarstjóri Hópsskóla þar sem 1.-3.bekkur er
- Ólöf Bolladóttir deildarstjóri námsvers og 4. – 6. bekkjar
- María Eir Magnúsdóttir deildarstjóri sérkennslu, umsjónarmaður stuðningsfulltrúa

---

## SKÓLADAGUR NEMENDA

---

Skólastarf hefst kl. 8.00. Skólahúsnæðið er opið frá kl. 7.40 á morgnana. Eftir að skóla lýkur á daginn býðst nemendum í 1. – 4.bekk lengd viðvera til klukkan 17.00 í Skólaseli, sem er starfrækt á vegum skólans, í Hópsskóla.

Nemendum í Grunnskólanum gefst kostur á að kaupa morgunvesti og hádegismat í skólanum. Í Hópsskóla er aðeins seldur hádegismatur en morgunvesti þurfa börnin að hafa með sér að heiman.

Nemendur sækja íþróttakennslu í Íþróttahúsi Grindavíkur. Allir nemendur fara vikulega í sundkennslu í Sundlaug Grindavíkur.

---

## SAMSKIPTADAGAR - FORELDRAVIÐTÖL

---

Samskiptadagar eru tvisvar á ári, þrír dagar í senn, um miðjan nóvember og um miðjan febrúar. Á þessu skólaári eru þessir dagar 15., 16. og 17. nóvember og 14., 15. og 16. febrúar. Þá mæta nemendur ásamt foreldrum/forráðamönnum sínum í skólann á fyrirfram gefnum tíma á milli kl. 16.00 og 18.30. Þessa tilhögun á samskiptadögum völdu foreldrar í könnun fyrir allmörgum árum síðan. Á þessum dögum eiga allir kennarar skólans að vera í skólanum og tilbúnir til viðtals við foreldra og nemendur.

---

## BEKKJARVÍSAR

---

Bekkjárvísar með upplýsingum um nám og kennslu hvers árgangs í skólanum er að finna á heimasíðu skólans <http://www.grindavik.is/grunnskoli/bekkjavisir>

---

## UPPLÝSINGAR UM NEMENDUR

---

Í byrjun skólaársins voru 468 nemendur í skólanum. Stúlkur í skólanum eru 216 og piltarnir eru 252. Skipting nemenda í árganga er með eftirfarandi hætti: 1.-3. bekkur í Hópsskóla 140 nemendur 65 stúlkur og 75 drengir. Í Grunnskólanum er 4.-10.bekkur alls 328 nemendur 151 stúlka og 177 drengir.

---

## SKÓLAREGLUR

---

Í janúar árið 2006 voru gefnar út nýjar skólareglur fyrir Grunnskóla Grindavíkur. Þær voru gefnar út í bæklingi sem ber nafnið *Samskipti og skólabragur, skýr mörk – samskipta og umgengnisreglur*. Þessar reglur eru grundvallaðar á leiðarljósi Grunnskóla Grindavíkur og hugmyndafræði uppbyggingarstefnunnar, sem kennd er við Diane Gossen.

Bæklingurinn er aðgengilegur á heimasíðu skólans: [www.grindavik.is/grunnskoli/reglur](http://www.grindavik.is/grunnskoli/reglur)

---

## STARFSMENN

---

Við skólann starfa alls 72 starfsmenn, kennarar og stjórnendur, 1 námsráðgjafi, 1 bókavörður, 3 starfsmenn við Skólasel, skólaliðar, 1 ritari og 2 umsjónarmenn húsnæðis. Eftirtaldir starfsmenn vinna við skólann.

Nafn	Staða	Netfang
Alda Bogadóttir	Stuðningsfulltrúi	<a href="mailto:alda@grindavik.is">alda@grindavik.is</a>
Ásdís Hafliðadóttir	Skólaliði	<a href="mailto:asdis@grindavik.is">asdis@grindavik.is</a>
Ásrún Helga Kristinsdóttir	Deildastjóri	<a href="mailto:asrun@grindavik.is">asrun@grindavik.is</a>
Benný Ósk Jökulsdóttir	Grunnskólakennari	<a href="mailto:benny@grindavik.is">benny@grindavik.is</a>
Björk Sverrisdóttir	Grunnskólakennari	<a href="mailto:bjork@grindavik.is">bjork@grindavik.is</a>
Bryndís Hauksdóttir	Grunnskólakennari	<a href="mailto:bryndis@grindavik.is">bryndis@grindavik.is</a>
Einar Jón Ólafsson	Framhaldsskólakennari	<a href="mailto:einaol@grindavik.is">einaol@grindavik.is</a>
Elín Björg Birgisdóttir	Grunnskólakennari	<a href="mailto:elin@grindavik.is">elin@grindavik.is</a>
Elísabet Sigurðardóttir	Matráðskona	<a href="mailto:elsa@grindavik.is">elsa@grindavik.is</a>
Ellert S. Magnússon	Framhaldsskólakennari	<a href="mailto:elli@grindavik.is">elli@grindavik.is</a>
Elva Björk Guðmundsdóttir	Stuðningsfulltrúi	<a href="mailto:elva@grindavik.is">elva@grindavik.is</a>
Fanney Pétursdóttir	Bókasafnsfræðingur	<a href="mailto:fanney@grindavik.is">fanney@grindavik.is</a>
Frimann Ólafsson	Grunnskólakennari	<a href="mailto:frimann@grindavik.is">frimann@grindavik.is</a>
Garðar P. Vignisson	Sérkennari	<a href="mailto:gardvi@grindavik.is">gardvi@grindavik.is</a>
Guðbjörg Gylfadóttir	Grunnskólakennari	<a href="mailto:gudbjorgg@grindavik.is">gudbjorgg@grindavik.is</a>
Guðjóna Breiðfjörð	Skólaritari	<a href="mailto:gauja@grindavik.is">gauja@grindavik.is</a>
Guðrún D Birgisdóttir	Stuðningsfulltrúi	<a href="mailto:gudrund@grindavik.is">gudrund@grindavik.is</a>
Guðrún Inga Bragadóttir	Námsráðgjafi	<a href="mailto:gudrun@grindavik.is">gudrun@grindavik.is</a>
Halla Steina Káradóttir	Skólaliði	<a href="mailto:halla@grindavik.is">halla@grindavik.is</a>
Halldóra Halldórsdóttir	Grunnskólakennari	<a href="mailto:halldora@grindavik.is">halldora@grindavik.is</a>
Harpa Pálsdóttir	Danskennari	<a href="mailto:harpapals@grindavik.is">harpapals@grindavik.is</a>
Helga Eysteinsdóttir	Stuðningsfulltrúi/Skólaliði	<a href="mailto:helgaey@grindavik.is">helgaey@grindavik.is</a>
Helga Kristjánsdóttir	Grunnskólakennari	<a href="mailto:helga@grindavik.is">helga@grindavik.is</a>
Hildur Bender	Skólaliði	<a href="mailto:bender@grindavik.is">bender@grindavik.is</a>
Hjörtfríður Jónsdóttir	Grunnskólakennari	<a href="mailto:hjorjo@grindavik.is">hjorjo@grindavik.is</a>
Hólmfríður Samúelsdóttir	Grunnskólakennari	<a href="mailto:holmfridur@grindavik.is">holmfridur@grindavik.is</a>
Ingibjörg Gunnlaugsdóttir	Stuðningsfulltrúi	<a href="mailto:ingibjorg@grindavik.is">ingibjorg@grindavik.is</a>
Jóhanna Sævarsdóttir	Grunnskólakennari	<a href="mailto:johasa@grindavik.is">johasa@grindavik.is</a>
Katrín Hilmarsdóttir	Skólaliði	
Katrín Þorsteinsdóttir	Stuðningsfulltrúi	<a href="mailto:katrin@grindavik.is">katrin@grindavik.is</a>
Kristín Gísladóttir	Grunnskólakennari	<a href="mailto:kristing@grindavik.is">kristing@grindavik.is</a>
Kristín Ingeborg Mogensen	Grunnskólakennari	<a href="mailto:kristinm@grindavik.is">kristinm@grindavik.is</a>
Kristín María Birgisdóttir	Framhaldsskólakennari	<a href="mailto:kristinmaria@grindavik.is">kristinmaria@grindavik.is</a>
Kristín Þorsteinsdóttir	Skólaliði	
Kristín Þórey Eypórsdóttir	Grunnskólakennari	<a href="mailto:krisey@grindavik.is">krisey@grindavik.is</a>
Kristjana Jónsdóttir	Grunnskólakennari	<a href="mailto:kristjana@grindavik.is">kristjana@grindavik.is</a>
Linda Rós Sveinbjörnsdóttir	Skólaliði/matur	<a href="mailto:lindaros@grindavik.is">lindaros@grindavik.is</a>
Lovísa Hilmarsdóttir	Grunnskólakennari	<a href="mailto:lovisa@grindavik.is">lovisa@grindavik.is</a>
Magnea Ósk Böðvarsdóttir	Grunnskólakennari	<a href="mailto:magnea@grindavik.is">magnea@grindavik.is</a>
Margrét Sigurðardóttir	Stuðningsfulltrúi	<a href="mailto:margsi@grindavik.is">margsi@grindavik.is</a>

María Eir Magnúsdóttir	Deildarstjóri	<a href="mailto:maria@grindavik.is">maria@grindavik.is</a>
María Jóhannesdóttir	Framhaldsskólakennari	<a href="mailto:marijo@grindavik.is">marijo@grindavik.is</a>
María Þóra Sigurðardóttir	Skólaliði	<a href="mailto:mariasig@grindavik.is">mariasig@grindavik.is</a>
Mira Sara Latinovic	Skólaliði	<a href="mailto:mira@grindavik.is">mira@grindavik.is</a>
Orri Freyr Hjaltalín	Framhaldsskólakennari	<a href="mailto:orri@grindavik.is">orri@grindavik.is</a>
Ólöf Bolladóttir	Deildarstjóri	<a href="mailto:olofbo@grindavik.is">olofbo@grindavik.is</a>
Páll Erlingsson	Grunnskólakennari	<a href="mailto:paller@grindavik.is">paller@grindavik.is</a>
Páll Leó Jónsson	Skólastjóri	<a href="mailto:pallleo@grindavik.is">pallleo@grindavik.is</a>
Pálmar Örn Guðmundsson	Framhaldsskólakennari	<a href="mailto:palmar@grindavik.is">palmar@grindavik.is</a>
Pálmi Hafþór Ingólfsson	Deildarstj./staðg. skólastj	<a href="mailto:palmin@grindavik.is">palmin@grindavik.is</a>
Petrína Baldursdóttir	Grunnskólakennari	<a href="mailto:petrbald@grindavik.is">petrbald@grindavik.is</a>
Rebekka B. Jórmundsdóttir	Stuðningsfulltrúi	<a href="mailto:rebekka@grindavik.is">rebekka@grindavik.is</a>
Rósa Signý Baldursdóttir	Grunnskólakennari	<a href="mailto:rosabal@grindavik.is">rosabal@grindavik.is</a>
Sigríður Fjóra Benónýsdóttir	Grunnskólakennari	<a href="mailto:fjolaben@grindavik.is">fjolaben@grindavik.is</a>
Sigurbjörg Erlingsdóttir	Stuðningsfulltrúi	<a href="mailto:sigurbj@grindavik.is">sigurbj@grindavik.is</a>
Sigurbjörg Eyfeld Skúladóttir	Grunnskólakennari	<a href="mailto:sigurbjorge2@grindavik.is">sigurbjorge2@grindavik.is</a>
Sigurbjörg Guðmundsdóttir	Skólasel	<a href="mailto:sigurbjorg@grindavik.is">sigurbjorg@grindavik.is</a>
Sigurveig M Öunduradóttir	Grunnskólakennari	<a href="mailto:veiga@grindavik.is">veiga@grindavik.is</a>
Stefanía Ólafsdóttir	Kennari/ráðgjöf	<a href="mailto:stella@grindavik.is">stella@grindavik.is</a>
Svandís Guðmundsdóttir	Skólaliði	<a href="mailto:svandis@grindavik.is">svandis@grindavik.is</a>
Svava Agnarsdóttir	Grunnskólakennari	<a href="mailto:svava@grindavik.is">svava@grindavik.is</a>
Sveinbjörn Jónsson	Húsvörður	<a href="mailto:sveinbjorn@grindavik.is">sveinbjorn@grindavik.is</a>
Sveinn Þór Steingrímsson	Framhaldsskólakennari	<a href="mailto:sveinn@grindavik.is">sveinn@grindavik.is</a>
Sylwia Ostrowska	Skólaliði	<a href="mailto:sylwia@grindavik.is">sylwia@grindavik.is</a>
Telma Björnsdóttir	Skólasel	
Unndór Sigurðsson	Grunnskólakennari	<a href="mailto:unndor@grindavik.is">unndor@grindavik.is</a>
Valdís Inga Kristinsdóttir	Grunnskólakennari	<a href="mailto:valdis@grindavik.is">valdis@grindavik.is</a>
Vigdís Ingibjörg Helgadóttir	Skólaliði	<a href="mailto:valdislar@grindavik.is">valdislar@grindavik.is</a>
Viktoría Róbertsdóttir	Grunnskólakennari	<a href="mailto:viktorar@grindavik.is">viktorar@grindavik.is</a>
Þórunn Erlingsdóttir	Framhaldsskólakennari	<a href="mailto:tota@grindavik.is">tota@grindavik.is</a>
Þórunn Jóhannsdóttir	Stuðningsfulltrúi	<a href="mailto:thorunnjo@grindavik.is">thorunnjo@grindavik.is</a>
Ægir Viktorsson	Grunnskólakennari	<a href="mailto:aegir@grindavik.is">aegir@grindavik.is</a>

---

## SKÓLARÁÐ

---

Við grunnskóla starfar skólaráð (skv. lögum nr. 91, 8.gr.) sem er samráðsvettvangur skólastjóra og skólasamfélags um skólahlald. Skólaráð tekur þátt í stefnumörkun fyrir skólann og mótun sérkenna hans. Skólaráð fjallar m.a. um skólanámskrá skólans, árlega starfsáætlun, rekstraráætlun og aðrar áætlanir um skólastarfið.

Skólaráð er skipað níu einstaklingum til tveggja ára í senn, tveimur fulltrúum kennara ásamt einum fulltrúa annars starfsfólks, tveimur fulltrúum nemenda og tveimur fulltrúum foreldra, auk skólastjóra sem stýrir starfi skólaráðs og ber ábyrgð á stofnun þess. Skólaráð velur að auki einn fulltrúa grenndarsamfélags til að sitja í ráðinu eða viðbótarfulltrúa úr hópi foreldra. Auk þess skal skólastjóri boða til sameiginlegs fundar skólaráðs og stjórnar nemendafélags að lágmarki einu sinni á ári.

Skólaráð hefur markað sér þá stefnu að hittast tvisvar sinnum á hvorri önn.

Skólaráð 2011-2012 skipa eftirtaldir:

- Páll Leó Jónsson skólastjóri
- Sigurður Kristmundsson og Jóhannes Sveinsson fulltrúar foreldra/grenndarsamfélagsins
- Sigríður Fjóra Benónýsdóttir og Viktoría Róbertsdóttir fulltrúar kennara
- Guðjóna Breiðfjörð fulltrúi annarra starfsmanna
- Fulltrúar nemenda: Lárus Guðmundsson, formaður nemendaráðs og Anton Ingi Rúnarsson varaformaður nemendaráðs

---

## FORELDRAFÉLAG GRUNNSKÓLA GRINDAVÍKUR

---

Markmið félagsins er að efla samstarf heimila og skólans þannig að það leiði af sér öflugra skólastarf með menntun, heill og hamingju nemenda að leiðarljósi. Einnig það að vera samstarfsvettvangur foreldra sem uppalenda.

Stjórnina skipa 7 fulltrúar foreldra valdir úr röðum bekkjarfulltrúa eða almennra félagsmanna og skiptir stjórnin með sér verkum. Aðalfundur félagsins er haldinn í september/október ár hvert með hefðbundinni aðalfundardagskrá. Stjórnin fundar eftir því sem verkefni gefa tilefni til. Eftirtaldir skipa stjórn foreldrafélagsins a.m.k. fram að aðalfundi félagsins

**Stjórn foreldrafélags Grunnskóla Grindavíkur:**

- Ingvar Þór Gunnlaugsson formaður [ingvar@grindavik.is](mailto:ingvar@grindavik.is)
- Alda Agnes Gylfadóttir
- Jóhannes Gunnar Sveinsson
- Ása Sif Arnarsdóttir
- Sigurður Kristmundsson
- Þórunn Alda Gylfadóttir
- Guðfinna Einarsdóttir

---

## NEMENDAFÉLAG 2011-2012

---

Við skólann er starfandi nemendafélag, markmið félagsins er að vinna að hagsmuna- og velferðarmálum nemenda, skipuleggja og sjá um félagslíf nemenda í Grunnskólanum. Í grunnskólalögum stendur eftirfarandi um nemendafélög í grunnskólum:

### 10. gr. NEMENDAFÉLAG.

- Við grunnskóla skal starfa nemendafélag og er skólastjóri ábyrgur fyrir stofnun þess. Nemendafélag vinnur m.a. að félags-, hagsmuna- og velferðarmálum nemenda og skal skólastjóri sjá til þess að félagið fái aðstoð eftir þörfum.
- Nemendafélag hvers skóla setur sér starfsreglur, m.a. um kosningu í stjórn félagsins og kosningu fulltrúa í skólaráð skv. 2. mgr. 8. gr.

### Starfsáætlun Nemendafélags Grunnskóla Grindavíkur

Nemendaráð hittist einu sinni í viku til þess að ræða og skipuleggja það sem er næst á dagskrá og skipuleggja viðburði vetrarins.

- Sept-okt: Haustball, nemendaráð skipuleggur dansleik fyrir miðstig og unglíngastig. Nemendaráð sér um leiki og tónlist á dansleik fyrir miðstigið. Kaupir inn fyrir sjoppu, skreytir, sér um tónlist, auglýsir og rukkar inn. Nemendaráð vinnur í sjoppunni og sér um þríf eftir báða dansleikina.
- Desember: Jólball, nemendaráð auglýsir eftir fólki í skreytinganefnd og koma nemendur saman og skreyta fyrir ballið. Fær skemmtikrafta, kaupir inn fyrir sjoppu, skreytir, sér um tónlist, auglýsir og rukkar inn. Nemendaráð vinnur í sjoppunni, og sér um þríf eftir dansleikinn.
- Jan-feb. Nemendaráð skipuleggur öskudagsskemmtun þar sem allir nemendur mæta í búningum og slá köttinn úr tunnunni.
- Mars-apríl: Árshátíð, nemendaráð auglýsir eftir fólki í skreytinganefnd sem kemur saman nokkrum dögum fyrir ballið, býr til skreytingar og skreytir. Fær skemmtikrafta, kaupir inn fyrir sjoppu, útvegar efni fyrir skreytingar, skreytir, auglýsir dansleik og bæjarsýningar og rukkar inn. Á árshátíðardaginn, þegar frí er í skólanum, mætir nemendaráð og lýkur við skreytingarnar. Nemendaráð vinnur í sjoppunni, og sér um þríf eftir dansleikinn. Nemendaráð rukkar inn á nemendasýningar. Þemadagar, nemendaráð sér um að skapa skemmtilega stemingu á þemadögum, leggur fyrir fataþemu alla dagana og verðlaunar fyrir bestu þátttöku.
- Apríl-maí: Nemendaráð sér um íþróttadag fyrir grunnskólann, þar sem keppt verður í hinum ýmsu greinum. Það hefur verið mikið spurt um þetta af hálfu nemenda og ætlar nemendaráðið að framkvæma það þetta skólaárið.

• **Nemendaráð skólaárið 2011 - 2012:**

- Lárus Guðmundsson formaður 10.b.
- Anton Ingi Rúnarsson varaformaður 10.b.
- Hinrik Guðbjartsson 10.b.
- Páll Erlingur Pálsson 10.b.
- Íris Ósk Hallgrímsdóttir 9.b.
- Marinó Helgason 9.b.
- Katla Þormarsdóttir 8.b.
- Guðný Guðbjartsdóttir 8.b.
- Hilmar McShane 7.b.

Umsjónarmaður félagsstarfs er Lovísa Hilmarsdóttir

**Annað félagsstarf**

Á yngsta stigi og miðstigi eru árshátíðir, sem kennarar undirbúa með nemendum sínum, auk ýmissa annarra viðburða sem ýmist eru skipulagðir af kennurum eða bekkjarfulltrúum.

---

**FRÆÐSLUNEFND**

---

**Í 6. gr.** laga um grunnskóla frá árinu 2008 stendur þetta um *Skólanefndir*

Í hverju sveitarfélagi skal í umboði sveitarstjórnar vera skólanefnd sem fer með málefni grunnskóla eftir því sem lög og reglugerðir ákveða og sveitarstjórn eða sveitarstjórnir kunna að fela henni.

Meginhlutverk skólanefndar er sem hér segir:

a. að sjá til þess að öll skólaskyld börn sem rétt eiga á skólavist í sveitarfélaginu njóti lögboðinnar fræðslu,

b. að staðfesta starfsáætlun skóla ár hvert og skólanámskrá einstakra skóla,

c. að fylgjast með framkvæmd náms og kennslu í sveitarfélaginu og gerð skólanámskrár og gera tillögur til skólastjóra og/eða sveitarstjórnar um umbætur í skólastarfi,

d. að fylgjast með og stuðla að því að nemendum og skólum sé tryggður aðgangur að sérfræðipjónustu,

e. að sjá til þess að jafnan sé fyrir hendi viðeigandi húsnæði fyrir kennslu og annar aðbúnaður, þ.m.t. útivistar- og leiksvæði nemenda,

f. að hafa eftirlit með að ákvæði laga og reglugerða séu uppfyllt og gera tillögur til sveitarstjórnar um úrbætur,

g. að stuðla að tengslum og samstarfi leikskóla og grunnskóla annars vegar og grunnskóla og framhaldsskóla hins vegar.

Skólanefnd skal kosin af hlutaðeigandi sveitarstjórn í upphafi hvers kjörtímabils. Um kosningu í skólanefnd og starfshætti fer samkvæmt sveitarstjórnarlögum og samþykktum viðkomandi sveitarfélags. Varamenn í skólanefndum skulu vera jafnmargir aðalmönnum og kosnir á sama hátt.

Skólastjórar, grunnskólakennarar og foreldrar í sveitarfélagi kjósa hver úr sínum hópi aðal- og varamann til setu á skólanefndarfundum með málfrelsi og tillögurétt.

Þegar skólanefnd fær til meðferðar kærumál samkvæmt ákvæðum laga þessara gilda um meðferð kærumálsins reglur stjórnarsýslulaga. Um sérstakt hæfi nefndarmanna og annarra fulltrúa sem rétt hafa til að sitja fundi nefndarinnar gilda ákvæði sveitarstjórnarla

Í fræðslunefnd Grindavíkurbæjar sitja eftirtaldir:

- Klara Halldórsdóttir, formaður
- Eva Björg Sigurðardóttir
- Guðrún Atladóttir
- Stefanía Stefánsdóttir
- Þórunn Svava Róbertsdóttir

---

## UMBÓTA – OG ÞRÓUNARSTÖRF SKÓLAÁRIÐ 2011 – 2012

---

- **Innra mat**
- **Uppbyggingarstefnan – uppeldi til ábyrgðar**
- **Af heilum hug – fjölbreyttir kennsluhættir**
- **Fjölsmiðja**
- **Lestrarkennsla/lestrarstefna**
- **Comeniusarverkefni – „Let´s taste Europe “**
- **Heimanámsstefna Grunnskóla Grindavíkur**
- **Stærðfræðikennsla á unglingsstigi**

---

## INNRA MAT

---

Samkvæmt gildandi grunnskólalögum ber grunnskólum að framkvæma kerfisbundið sjálfsmat. Tilgangur þess er að kanna hvort markmiðum skólans hefur verið náð, greina sterka og veika þætti í skólastarfinu og skapa þannig grunn að umbótum. Sjálfsmatið verður stöðugt að vera í gangi og er langtímamiðað. Með því fer fram víðtæk gagnasöfnun um skólastarfið. Sjálfsmat skóla er því leið til þess að miðla þekkingu á skólastarfi og er liður í þróun og vexti hvers skóla. Sjálfsmat, umbætur og mat á þeim eru því lykill að því að gera góðan skóla betri.

Skólar geta valið hvaða aðferðum þeir beita í sjálfsmatsvinnunni. Ákveðin viðmið sem skólum er ætlað að uppfylla í sjálfsmatsvinnunni eru gefin út á vegum ráðuneytisins svo og leiðbeiningar um sjálfsmat. Til að mat teljist uppfylla viðmið laga þarf það að vera formlegt, altækt, áreiðanlegt, samstarfsmiðað, umbótamiðað, árangursmiðað, stofnana- og einstaklingsmiðað, lýsandi, greinandi og opinbert.

Sjálfsmatið í Grunnskóla Grindavíkur er byggt á skoska sjálfsmatskerfinu HOW GOOD IS OUR SCHOOL sem ber heitið GÆÐAGREINAR í íslenskri þýðingu. Skólaárið 2011 – 2012 munu Kristín Mogensen, Guðrún Inga Bragadóttir og Sigríður Fjóla Benónýsdóttir hafa yfirumsjón með vinnu við sjálfsmatið. Starfsfólks skólans fer í náms – og kynnisferð til Glasgow dagana 6. – 11. október . Þar fær starfsfólk kynningu á HOW GOOD IS OUR SCHOOL. Hópurinn heldur áfram að vinna með gæðagreinana samkvæmt 3ja ára áætlun og leggur fyrir foreldrakönnun í 2., 4., 7. og 10. bekk í nóvember 2011. Eftirfarandi gæðagreinar verða teknir fyrir skólaárið 2011-2012:

Samvinna og búnaður:  
Gæðagreinar 8

Áhrif á nemendur:  
Gæðagreinar 2

Forysta:  
Gæðagreinar 9

Þegar lokið hefur verið við að vinna úr hverri könnun fyrir sig eru niðurstöður dregnar saman og kynntar starfsfólki . Síðan er gerð þróunaráætlun, en þar kemur fram hver viðbrögðin skuli verða, hvenær þeim skuli lokið og hver beri ábyrgð á því að þau verði gerð. Að vori skilar teymið sjálfsmatsskýrslu til skólastjóra.

---

## UPPBÝGGINGASTEFNAN – UPPELDI TIL ÁBYRGÐAR

---

Áfram verður haldið með vinnu við Uppbyggingastefnuna í skólastarfi byggir á markvissum hugmyndum sem í felast bæði aðferðir og stefnumótun skóla til bættra samskipta.

Meginatriðið er að kenna börnum og unglingum sjálfsaga og ýta undir sjálfstraust. Vísað er til ábyrgðar hvers og eins á sjálfum sér, á eigin orðum og gerðum. Aðferðin miðar að því að bæta úr því, sem aflaga fer í samskiptum, og að nemendur læri þannig af mistökum sínum.

Uppbyggingaraðferðin hjálpar til við:

- að skilja eigin hegðun
- geta jafnað ágreining og vaxa af því
- að leiðrétta eigin mistök
- að sættast við aðra
- að komast fljótt í jafnvægi eftir að hafa misst stjórn á sér

Skólaárið 2011 – 2012 munu Valdís Kristinsdóttir, Ellert Sig. Magnússon og Svava Agnarsdóttir stýra vinnu með uppbyggingarstefnuna, markmiðið er að gera stefnuna sýnilegri í daglegu starfi og þróa starfið áfram.

---

## AF HEILUM HUG – FJÖLBREYTTIR KENNSLUHÆTTIR

---

Haustið 2010 fór af stað þróunarverkefni í Grunnskóla Grindavíkur sem er ætlað að:

- auka fjölbreytni kennsluhátta í skólastarfinu
- efla kennara í að skoða sjálfa sig m.t.t. kennsluaðferða sem þeir nýta kennslu
- auka öryggi og áræðni kennara við að nýta fjölbreyttar leiðir í kennslu og fjölbreyttar nálganir á viðfangsefnum
- auka fjölbreytni í námsmati samhliða fjölbreyttum kennsluháttum
- auka áhuga nemenda og koma enn betur til móts við ólíkar þarfir þeirra
- virkja þá reynslu, færni og þekkingu sem er í kennarahópnum miðla sín á milli

Til verkefnisins fékkst styrkur úr Skólaþróunarsjóði Grindavíkur. Verkefnið hlaut heitið *Af heilum hug* sem er vísan til þess að kennarahópurinn vinni af heilum hug að því að leita leiða til að bæta sig í starfi og mæta ólíkum þörfum nemenda. Allir kennarar skólans taka þátt í verkefninu og gerðu fyrstu áætlanir ráð fyrir því að ljúka verkefninu vorið 2011. Ákveðið var að halda áfram með verkefnið skólaárið 2011-2012. Ingvar Sigurgeirsson prófessor Menntavísindasviðs Háskóla Íslands er ráðgefandi í þessari vinnu. Innan skólans er teymi skipað þeim Viktoríu Róbertsdóttur og Petrínu Baldursdóttur sem heldur utan um skipulag og vinnu í tengslum við verkefnið.

---

## FJÖLSMIÐJA – VALÁFANGI Á UNGLINGASTIGI

---

Um er að ræða samvinnuverkefni Grunnskóla Grindavíkur, félagsmiðstöðvarinnar Þrumunnar í Grindavík, Félags handverksfólks í Grindavík og frístunda- og menningarfulltrúa Grindavíkurbæjar. Fjölsmiðjan fékk eina milljón króna í styrk frá RHA til framþróunar verksins .

Fjölsmiðjan er valgrein fyrir nemendur elstu bekkja í Grunnskóla Grindavíkur. Lögð er áhersla á verklega þætti í skólastarfinu. Markmiðið er að styðja við nemendur á þann hátt að þeir öðlist styrkan grunn í verk- og listgreinum. Gengið er út frá fjölgreindarkenningum Gardners en þar er gert ráð fyrir því að greindirnar séu margar og vegi allar jafn þungt. Allir nemendur eigi sér sterkar hliðar og því er slagorð Fjölsmiðjunnar: **Enginn getur allt en allir geta eitthvað.** Benný Ósk Jökulsdóttir, Rósa Baldursdóttir og Pálmi Ingólfsson leiða starfið fyrir hönd Grunnskóla Grindavíkur skólaárið 2011 – 2012.

---

## LESTUR/LESSKILNINGUR, LESTRARSTEFNA

---

Skólaárið 2011 – 2012 verður unnið með lestur og lesskilning og mótuð lestrarstefna fyrir skólann. Þessi vinna mun verða undir leiðsögn Bjarnfríðar Jónsdóttur sérkennsluráðgjafa á Skólaskrifstofu. Með henni munu leiða vinnuna Bryndís Hauksdóttir, Ólöf Bolladóttir og Sigurveig Margrét Önundardóttir.

---

## COMENIUS – MATUR OG MATARGERÐ

---

Hópsskóli vinnur að Evrópuverkefni sem kennt er við Comeniusaráætlunina. Ásamt Hópsskóla vinna kennarar og nemendur frá Tékklandi, Póllandi, Rúmeníu, Skotlandi, Þýskalandi og Frakklandi saman að verkefninu. Pólland sér um verkstjórn.

Verkefnið tengist mat og matargerð. Útbúa á sameiginlega mataruppskriftabók þar sem matarhefðir hversrar þjóðar koma fram.

Áfram verður unnið að þessu verkefni á þessu skólaári og lýkur því í maí 2012. Fulltrúar frá Hópsskóla munu fara á þrjá samstarfsfundi á skólaárinu, í september verður fundað í Skotlandi, í desember í Frakklandi og lokafundurinn verður í maí í Þýskalandi. Ásrún Kristinsdóttir deildarstjóri 1. – 3. bekkjar stýrir verkefninu en allt starfsfólk Hópsskóla kemur að verkinu með einhverjum hætti.

---

## HEIMANÁMSSTEFNA

---

Síðastliðið skólaár var unnið að því að móta heimanámsstefnu fyrir skólann. Sú vinna er langt á veg komin en á haustmánuðum verður verkinu væntanlega formlega lokið og heimanámsstefnan birt og kynnt.

---

## STÆRÐFRÆÐIKENNSLA Á UNGLINGASTIGI

---

Skólaárið 2011 – 2012 mun fara fram endurskoðun á stærðfræðikennslu á unglingsstigi. Í mörg ár gekk afar vel í stærðfræði á unglingsstigi og góður árangur á samræmdum prófum en síðastliðin 3 ár hefur hallað undan fæti og munu stærðfræðikennarar á stiginu vinna að því að kortleggja málið og finna lausnir. Vinnunni stýra þeir Ellert Sig. Magnússon, Ægir Viktorsson og Frímann Ólafsson.

- Fyrirhugað er að fara í gegnum Aðalnámskrá og skoða hana og hvaða þætti við erum ekki að uppfylla og munum við síðan setja upp skipulag sem sér til þess að búið sé að fara yfir alla þætti í hverjum árgangi þannig að fyrir samræmd próf verðum við búin að uppfylla alla þætti fyrir prófið
- Farið verður yfir námsefnið átta - tíu og almenna stærðfræði I-III og ákveðið hvort við munum nota á næstu árum.
- Námsáætlun verður gerð og beinagrind frá Heiðaskóla notuð í þeirri vinnu. Ætlum við að gera glósur úr hverjum kafla allra bóka (leiðarbók) þar sem þær verða notaðar sem innlögn ásamt þeim hugtökum sem tilheyra hverjum kafla. Að lokinni vinnu í hverjum kafla munu nemendur gera Hugtakakort um það sem þau lærðu í kaflanum. Glósurnar verða settar í sérstaka stílabók/leiðarbók sem fylgir nemendum frá 8. bekk upp í 10. bekk.
- Hugmynd um að skoða einnig námsmat og gera matskvarða fyrir alla stærðfræðina á unglingsstigi þannig að allir viti hvað liggur að baki námsmatsins. Spurning hvort ekki eigi að fastsetja mat t.d. kennaramat, sjálfsmat, foreldramat og jafningjamat.
- Fyrirhugað er einnig að fara í gegnum samræmd próf síðustu ára og búa til verkefnabanka sem nýtist nemendum sem upprifjun fyrir prófin.

---

## VALGREINAR SKÓLAÁRIÐ 2011 – 2012

---

Samkvæmt aðalnámskrá leggja nemendur í 8. 9. og 10. bekk að hluta til eigin áherslur í námi. Miðað er við að nemendur velji námsgreinar og námssvið samkvæmt framtíðaráformum sínum.

Í 8., 9. og 10. bekk mega námsgreinar vera að hluta frjálst val nemenda. Verja má allt að þriðjungi námstímans í valgreinar. Heimilt er að meta tímabundna þátttöku t.d. í atvinnulífi, félagslífi, íþróttum eða skipulögðu sjálfböðastarfi sem nám, enda sé það skipulagt í samráði við skóla. Einnig er heimilt að meta skipulagt nám sem stundað er utan grunnskóla til valgreina, t.d. við tónlistarskóla og málaskóla. Stundi nemandi slíkt nám er viðkomandi sveitarstjórn ekki skylt að standa straum af kostnaði sem af því leiðir þrátt fyrir að námið njóti viðurkenningar í stað skyldunámsgreina.

Heildartímafjöldi nemenda í 8., 9. og 10. bekk eru 37 stundir á viku og skiptist sá tímafjöldi niður í kjarnagreinar og valgreinar. Kjarnagreinar eru þær greinar sem allir nemendur taka. Valgreinar eru mismunandi hjá hverjum og einum.

Nemendur völdu með hliðsjón af getu sinni, áhugasviði, styrkleikum, veikleikum og undirbúningi fyrir það framhaldsnám sem þeir stefna á.

Breytingar voru gerðar á valinu fyrir skólaárið 2011 – 2012. Valið er að mestu í námskeiðsformi þar sem flestar valgreinarnar eru kenndar í 8 – 9 vikna tímabilum. Eftirfarandi valgreinar eru kenndar á skólaárinu:

- Árshátíðarundirbúningur
- Blaða- og fréttamennska
- Danskar kvikmyndir
- Enska framhald
- Enskar bækur og kvikmyndir
- Fjölsmiðja
- Golf
- Heimanám/lestur
- Heimilisfræði – bakstur, léttir réttir, erlendir réttir, heilsuréttir
- Hreyfimyndgerð
- Lego
- Leiklist
- Leirvinna
- Myndmennt, - teikning./teiknimyndasögur/málun
- Náttúrufræði – tilraunir
- „Photoshop“
- Skólahreysti
- Spil og leikir

- Stelputímar
- Stærðfræði framhald
- Textílfmennt – prjón, hekl, fatasaumur, hönnun, þæfing
- tæknimennt
- Vinnustaðaval (fyrir áramót)

**Auk þessa er annað sem metið er sem tvær valgreinar ef þess er óskað**

- Félagsstarf
- Tónlistarnám/annað nám
- Björgunarsveitin
- Íþróttaiðkun

**Nemendur geta einnig tekið námsáfangi í Fjölbrautaskóla Suðurnesja**

- Ens 103
- Stæ 103
- Ral 103

Allar nánari upplýsingar um valgreinar er að finna í Bekkjarvísum 8. – 10. bekkjar.

Sjá heimasíðu skólans: [www.grindavik.is/grunnskoli/bekkjarvisir](http://www.grindavik.is/grunnskoli/bekkjarvisir)

---

## STOÐÞJÓNUSTA SKÓLANS

---

Skólaskrifstofa Grindavíkur starfar í umboði fræðslunefndar. Helstu verkefni skólaskrifstofunnar byggja á eftirgreindum lögum:

- Grunnskólalögum nr. 91/2008
- Leikskólalögum nr. 90/2008
- Skólastefnu Grindavíkurbæjar og fjárhagsáætlun Grindavíkurbæjar á hverjum tíma.

Verkefni Skólaskrifstofu taka til leikskóla, grunnskóla og tónlistarskóla á vegum Grindavíkurbæjar.

**Starfsfólk:**

Nökkvi Már Jónsson, sviðsstjóri félagsþjónustu- og fræðslusviðs, [nmj@grindavik.is](mailto:nmj@grindavik.is)

Bjarnfríður Jónsdóttir, sérkennslufulltrúi, [bjarjo@grindavik.is](mailto:bjarjo@grindavik.is)

Björg Ólöf Bragadóttir, þroskaþjálfari, [bjorg@grindavik.is](mailto:bjorg@grindavik.is)

Hildigunnur Árnadóttir, félagsráðgjafi, [hildigunnur@grindavik.is](mailto:hildigunnur@grindavik.is)

Ingibjörg María Guðmundsdóttir, sálfræðingur, [ingamaria@grindavik.is](mailto:ingamaria@grindavik.is)

Sérfræðingar skólaskrifstofunnar eru með fasta viðveru í skólunum og geta stjórnendur, kennarar og annað starfsfólk leitað til þeirra með málefni einstakra nemenda, hópa og einnig geta foreldrar leitað til þeirra með milligöngu kennara eða stjórnenda. Sérfræðingar

skólaskrifstofu sitja Nemendaverndarráðsfundi í skólanum hálfsmánaðarlega, þar eru teknar fyrir tilvísanir til sérfræðinganna og mál sett í farveg.

Föst viðvera starfsmanna skólaskrifstofu kemur fram á skóladagatali skólaskrifstofu:

[www.grindavik.is/grunnskoli/skolaskrifstofa](http://www.grindavik.is/grunnskoli/skolaskrifstofa)

### Talmeinafræðingur

**Sigríður Ísleifsdóttir**, talmeinafræðingur [siggatal@simnet.is](mailto:siggatal@simnet.is), er í skólunum 8 fimmtudaga fyrir áramót og 8 eftir áramót kl. 8.00 – 15.00. Dagsetningarnar fyrir áramót eru:

- 8. september
- 22. september
- 13. október
- 27. október
- 10. nóvember
- 24. nóvember
- 1. desember
- 8. desember

---

## SKÓLAHJÚKRUN

---

**Heilsugæsla Grunnskóla Grindavíkur er á vegum heilsugæslustöðvarinnar í Grindavík  
Sími: 422-0750.**

Dóra Dröfn Skúladóttir er skólahjúkrunarfræðingur. Viðvera hennar er:

- mánudaga kl. 8.00 – 12.00
- þriðjudaga kl. 8.00 – 12.00
- miðvikudaga kl. 8.00 – 12.00
- fimmtudaga kl. 8.00 – 16.00
- 

Hjúkrunarfræðingurinn er til skiptis í Hópsskóla og Grunnskóla eftir verkefnum.

Meginmarkmið skólaheilsugæslu er að börnin fái að vaxa, þroskast og stunda sitt nám við bestu andlegu, líkamlegu og félagslegu skilyrði sem völ er á. Skólahjúkrunarfræðingar vinna í náninni samvinnu við foreldra/forráðamenn, skólastjórnendur, kennara og aðra sem koma að skólabarninu.

### **Viðtal við hjúkrunarfræðing**

Skólahjúkrunarfræðingar fylgjast með því að börn hafi fengið þær bólusetningar sem reglur segja til um. Ef bólusetningar barna eru ekki fullnægjandi er haft samband við foreldra og bætt úr því í samráði við þá.

### **Fræðsla, heilbrigðishvatning og forvarnir**

Skólahjúkrunarfræðingur sinnir skipulagðri heilbrigðisfræðslu og hvetur til heilbrigðra lífshátta. Hann nýtir þau tækifæri sem gefast til að fræða börnin og vekja þau til umhugsunar og ábyrgðar á eigin heilsu. Foreldrar eru hvattir til að leita eftir ráðgjöf hjúkrunarfræðings varðandi heilbrigði barns síns eftir þörfum.

### **Tannvernd**

Flúorskolun fer fram í skólanum 4 sinnum á skólaárinu, 3 daga í röð og stendur til boða nemendum í 1., 7. og 10. bekk. Foreldrar eiga að velja tannlækni fyrir börn sín og fara með þau í reglulegt eftirlit.

### **Slys og veikindi**

Ef bráð slys eða veikindi ber að höndum er nauðsynlegt að geta náð sambandi við foreldra/forráðamenn. Þeir eru því beðnir að sjá til þess að símanúmer heima og á vinnustað séu ávallt til staðar í skólanum. Ef barnið þarf að fara á heilsugæslustöð eða á slysadeild þarf foreldri eða forráðamaður að fylgja barninu.

Ef barn er með alvarlegan sjúkdóm sem getur stefnt heilsu / lífi í bráða hættu er nauðsynlegt að hjúkrunarfræðingar viti af því. Hér er átt við sjúkdóma eins og til dæmis sykursýki, ofnæmi, flogaveiki og blæðingarsjúkdóma.

### **Lyfjagjafir**

Ef barn þarf að taka lyf á skólatíma ber foreldrum / forráðamönnum að hafa samband við skólahjúkrunarfræðing, þar sem hann skipuleggur lyfjagjafir á skólatíma.

### **Lús og aðrar óværu**

Lúsin er lífsseig og skýtur upp kollinum öðru hverju í öllum skólum. Til þess að ráða niðurlögum hennar er nauðsynlegt að láta vita af henni. Verði lúsar vart hjá barni er rétt að hafa samband við skólahjúkrunarfræðing og leita ráða varðandi meðferð. Hjúkrunarfræðingar halda skrá yfir lúsatilfelli og sjá um að senda tilkynningar til þeirra er málið varðar, til að hægt sé að leita í þeim. Trúnaðar varðandi nöfn er gætt. Foreldrar / forráðamenn eru einnig beðnir að láta þá sem barnið umgengst mest vita.

Svipaðar reglur gilda um njálga og kláðamaur.

### **Heilbrigðisskoðanir:**

Skólahjúkrunarfræðingar og læknar heilsugæslunnar hafa samvinnu um skoðanir.

#### **6 ára börn:**

Sjón og heyrn

Hæð og þyngd

Upplýsingar frá foreldrum

Viðtal við hjúkrunarfræðing

(bólusetningar ef þörf er á)

#### **9 ára börn:**

Hæð og þyngd

Sjón

Viðtal við hjúkrunarfræðing

#### **12 ára börn:**

Hæð og þyngd

Sjón og litaskyn

Viðtal við hjúkrunarfræðing

Bólusetning gegn mislingum,

hettusótt og rauðum hundum

(MMR), ein sprauta

#### **14 ára börn:**

Sjón og heyrn

Hæð og þyngd

---

## NÁMSRÁÐGJAFI

---

Náms- og starfsráðgjafi Grunnskóla Grindavíkur er Guðrún Inga Bragadóttir.

Eitt af helstu markmiðum náms- og starfsráðgjafa er að standa vörð um velferð allra nemenda. Náms- og starfsráðgjöf er þjónusta við nemendur þar sem fyllsta trúnaðar er gætt en hafa ber í huga að námsráðgjafa ber skylda til að láta yfirvöld vita ef brotið er í bága við lög. Hjá náms- og starfsráðgjafa geta nemendur og foreldrar talað í einrúmi um sín mál sem geta verið persónuleg, félagsleg eða vegna námsörðugleika. Helstu viðfangsefni náms- og starfsráðgjafa eru:

- \* Persónuleg ráðgjöf.
- \* Ráðgjöf vegna náms.
- \* Aðstoð við skipulagningu náms.
- \* Umsjón með náms- og starfsfræðslu.
- \* Umsjón með vinnustaðavali.

Viðtalstímar eru eftir samkomulagi. Nemendur/foreldrar geta pantað viðtal með því að hringja í síma 420-1150.

---

## NÝBÚAKENNSLA

---

Skipulag íslensku sem annars tungumáls tekur mið af aldri, þroska og þörfum nemenda á hverju stigi, þ.e. í 1.-3. bekk, 4.-6. bekk og 7.-10. bekk. Deildarstjóri sérkennslu hefur yfirumsjón með skipulaginu, í Hópsskóla sinna ýmsir kennarar kennslunni en í Grunnskólanum sinnir Kristín Eyþórsdóttir kennslunni og hún fer fram í sérstakri nýbúastofu.

Tímafjöldi í „íslensku sem öðru tungumáli“ fyrir nemendur miðast við mat á stöðu nemendanna. Nýbúakennari ákveður í samráði við umsjónarkennara úr hvaða tímum nemandinn fer í „íslensku sem annað mál“. Að öðru leyti fylgir nemandinn sínum bekk.

---

## SÉRDEILD - NÁMSVER

---

- Í Grunnskóla Grindavíkur eru þrjú Námsver, eitt fyrir hvert stig þ.e. 1. - 3. bekkur í Hópsskóla, 4. - 6. bekkur (stofa 114), 7. - 10. bekkur (stofa 112).
- Í Námsveri eru nemendur, sem vegna tiltekinna greiningarviðmiða eiga rétt á að vera þar.
- Í Námsverunum er lögð áhersla á kennslu í litlum hópum, þar sem allir nemendur eru með einstaklingsáætlun.
- Nemendur eru frá 2 – 7 tímum á dag í Námsveri ýmist í bóklegri eða verklegri kennslu.
- Í Námsveri er megináhersla á lestrarkennslu, íslensku, stærðfræði og félagsfærni. Mikilvægt er að nemendur velji með foreldrum hvaða áherslur þeir vilja hafa í námi sínu.
- Áhersla er á blöndun í Námsverunum, þar sem hver árgangur fær að bjóða til sín bekkjarfélögum 1x í viku.
- Félagsfærni og lífsleikni er stór þáttur í námsveri og fær hver nemandi námskeið í slíkri færni s.s. Cat-kassa, og ART.
- Áhersla er lögð á gott foreldrasamstarf með reglulegum fundum og tölvupósti.

---

## SÉRKENNSLA

---

Í grunnskólalögum er kveðið á um að skólinn skuli haga störfum sínum í sem fyllstu samræmi við eðli og þarfir hvers nemanda og stuðla að alhliða þroska hvers og eins. Samkvæmt lögum eiga allir nemendur rétt á námi við hæfi í grunnskólum og er sveitarfélögum skylt að sjá öllum nemendum fyrir viðeigandi kennslu. Með sérkennslu í Grunnskóla Grindavíkur er leitast við að leita leiða til að mæta þessu hlutverki á sem bestan hátt og gera námið sem skilvirkast.

Helstu markmið sérkennslu eru:

- að styrkja sjálfsmynd nemenda
- að nemendur fái kennslu í samræmi við þroska og getu
- að styrkja nemendur í sjálfstæðum vinnubrögðum

Tekið er mið af greiningu sérfræðinga og greinandi skimunar prófum, ábendingum ýmissa aðila, svo sem leikskólakennara, talmeinafræðings, kennara, deildarstjóra og foreldra þegar þörf á sérkennslu nemenda er metin. Að vori ræða sérkennarar við umsjónarkennara um stöðu nemenda og saman meta þeir þörf fyrir sérkennslu á komandi skólaári. Umsjónakennari sækir formlega um um sérkennslu. Sérkennslutímum er skipt milli nemenda/nemendahópa í samræmi við þarfir þeirra og sett er niður heildaráætlun úrræða. Endurskoðun fer fram nokkrum sinnum á ári.

Áhersla er lögð á sérkennslu í lestri sem er undirstöðu námsgrein alls náms og stærðfræði.

Kennslan fer ýmist fram inni í bekk viðkomandi, einstaklingslega eða í smærri hópum eftir því sem best þykir hverju sinni. Stundum er um styttri námskeið að ræða en í lok hvers námskeiðs er síðan þörfnin á áframhaldi sérkennslu metin. Sumir nemendur fá sérkennslu 1 – 2 kennslustundir daglega allt árið og þá er unnið út frá einstaklingsáætlun. Ávallt er haft samráð við foreldra um sérkennslu.

Gera verður þeim og nemandanum grein fyrir þeim markmiðum sem sett eru í sérkennslu og tilhögun hennar.

Umsjónarkennari ber í öllum tilvikum meginábyrgð á nemendum með sértækar námsþarfir eins og öðrum nemendum í bekknum.

Deildarstjóri sérkennslu er María Eir Magnúsdóttir.

Kennarar sem sinna sérkennslu eru: Garðar Páll Vignisson sérkennari, Ólöf Bolladóttir sérkennari,

Bryndís Hauksdóttir kennari, María Eir Magnúsdóttir kennari og

Stefanía Ólafsdóttir kennari

---

## NEMENDAVERNDARRÁÐ

---

Samkvæmt grunnskólalögum nr. 66/2008 er starfrækt nemendaverndarráð í skólanum. Það starfar samkvæmt reglugerð um nemendaverndarráð í grunnskólum.

Í nemendaverndarráði eiga sæti skólastjóri, deildarstjóri sérkennslu, námsráðgjafi, sálfræðingur skólans, hjúkrunarfræðingur og fulltrúi frá félagsþjónustu Grindavíkurbæjar. Deildarstjórar svo og aðrir innan skólans og skólaskrifstofunnar sem geta upplýst um stöðu ákveðinna mála eru boðaðir á fundi eftir þörfum.

Hlutverk nemendaverndarráðs er að samræma skipulag og framkvæmd þjónustu við nemendur varðandi sérkennslu, sálfræðiþjónustu, félagslega þjónustu, heilsuvernd og aðra sérfræðiþjónustu.

Fundir eru haldnir aðra hverja viku á starfstíma skóla. Deildarstjórar í samstarfi við kennara vísa málum til umfjöllunar í nemendaverndarráði þegar önnur úrræði hafa reynt árangurslaus. Einstakir starfsmenn skólans og fulltrúar í nemendaverndarráði geta einnig óskað eftir upptöku mála.

Foreldrar nemenda eru upplýstir um að fjallað verði um málefni barnsins áður en fundur er haldinn. Nemendaverndarráð skráir stöðu mála fjallar um þau faglega, leggur fram tillögur og fylgist með framvindu.

Full trúnaðarskylda fundarmanna gildir á öllum fundum nemendaverndarráðs.

Skólaárið 2011 – 2012 sitja eftirtaldir í nemendaverndarráði:

Páll Leó Jónsson skólastjóri

María Eir Magnúsdóttir deildarstjóri sérkennslu

Guðrún Inga Bragadóttir námsráðgjafi

Dóra Dröfn Skúladóttir skólahjúkrunarfræðingur

Ingibjörg María Guðmundsdóttir skólasálfræðingur

Hildigunnur Árnadóttir félagsráðgjafi /Nökkvi Már Jónsson sviðsstjóri félagsþjónustu- og fæðslusviðs

---

## ART

---

Í skólanum er hluti sérkennslutíma nýttur í **ART** – þjálfun.

**ART** stendur fyrir Agression Replacement Training og er fast mótað uppeldis þjálfunar módel. ART kemur upphaflega frá USA og eru höfundar þessa módelis þeir Arnold Goldstein, Barry Glick og John C. Gibbs. Þeir byggja ART-þjálfunina á ólíkum straumum og stefnum úr sálfræðinni.

Þjálfunin felst því að kenna leiðir til að leysa samskiptavanda (félagsfærni), tilfinningavanda (siðfræðileg rökfærsla ) og hegðunarvanda (sjálfstjórn). ART þjálfun hentar nemenum á öllum aldri. Þjálfunin fer þannig fram að tveir ART kennarar vinna saman með nemendahóp sem getur verið samsettur af nemendum úr mismunandi bekkjum eða sem er einn bekkur ( bekkjarart ).

Þrjár kennslustundir eru á viku hjá hverjum nemendahópi, einn tími í félagsfærni, einn í sjálfstjórn og einn í siðfræðilegri rökfærslu.

Í félagsfærni fá nemendur verkfæri í hendurnar til að leysa ýmiskonar aðstæður og læra hvað þeir gera í ákveðnum aðstæðum. Unnið er út frá hegðun nemanda. Í sjálfstjórninni læra nemendur að þekkja tilfinningar sínar og læra leiðir til að koma í veg fyrir að missa stjórn á sjálfum sér. Unnið er út frá tilfinningum nemenda. Í siðfræðinni eru nemendur þjálfaðir í að greina rétt frá röngu. Unnið er í gegnum klípusögur og skotakort.

ART færniþjálfun hjálpar einstaklingum að læra leiðir til að eiga samskipti á þann hátt sem virka fyrir hann, bæði við fullorðna og jafnaldra. Með því að þjálfna færni í gegnum sýnikennslu og hlutverkaleik og búa til líklegar aðstæður í mismunandi umhverfi er einstaklingum gefnir meiri möguleikar á að nota færnina.

Þegar einstaklingur tileinkar sér færnina vel, mun það auka vellíðan viðkomandi, gera hann öruggari, sjálfstæðari og ánægðari.

Í skólanum eru 4 kennarar sem eru ART þjálfarara, þau eru Ásrún Kristinsdóttir, María Eir Magnúsdóttir, Garðar Páll Vignisson og Svava Agnarsdóttir.

---

## SKJÓL

---

Skjól er tímabundið úrræði fyrir nemendur í 4. – 7. bekk .

Skjólið á að gagnast nemendum:

- sem þurfa að ná tókum á ábyrgri hegðun og efla sjálfstjórn
- sem þurfa tækifæri til að vinna í rólegu umhverfi og litlum hópi

Markmiðið er:

- að hjálpa nemanda að ná tókum á ábyrgri hegðun og efla sjálfstjórn
- að bjóða upp á kennslu einstaklingslega og /eða í litlum hópum
- að auka vellíðan og áhuga
- að efla sjálfstraust og öryggi
- að þjálfa sjálfstæð vinnubrögð

Skjólið er opið alla virka daga, 12 stundir á viku. Áætlaður fjöldi nemenda í Skjóli hverju sinni eru 4. Umsjónarmaður metur stöðuna hverju sinni og í ljósi hennar er ákveðið að taka inn fleiri eða færri nemendur.

6 - 8 stundir eru fastir tímar þ.e. fyrirfram ákveðnir nemendur hafa aðgang að þeim í ákveðinn tíma. Sækja þarf um fyrir nemendur í fasta tíma til deildarstjóra sérkennslu og hann ásamt umsjónarkennara og umsjónarmanni Skjóls meta hvort orðið verður við umsókninni og hvenær viðkomandi einstaklingur síðan útskrifast.

6 – 8 stundir eru opnar þ.e. kennari getur hringt og óskað eftir því að senda nemanda í Skjól. Þetta er jákvæð „hvíld“ í stuttan tíma ( oftast ein kennslustund ). Kennari sem þarf að senda nemanda í Skjólið hringir í **218** og óskar eftir að fá að senda nemanda. Kennari metur hvort nemanda sé treystandi til að fara sjálfur eða hvort hann þarf fylgd. Ef viðkomandi nemandi þarf fylgd gæti það verið kennari/stuðningsfulltrúi/deildarstjóri viðkomandi stigs sem fylgir honum. **Nemendur sem koma í Skjólið taka með sér námsbækur og áætlun frá kennara.**

Að tíma loknum fer nemandi í frímínútur, en ef umsjónarmaður Skjólsins eða kennari treystir nemandanum ekki til þess er viðkomandi nemandi áfram í Skjóli í frímínútnatíma, eða þar til lausn er fundin í samráði við deildarstjóra. Að loknum frímínútum fer nemandi í næsta tíma samkvæmt stundaskrá. Ef viðkomandi nemandi hefur brotið af sér og er ekki tilbúinn til að sækja hefðbundna kennslustund er úrræði fundið samkvæmt reglum og viðurlögum skólans ( sbr. samskipti og skólabragur ) í samráði við deildarstjóra yngsta - /miðstigs.

Við endurteknað komur í Skjól fer ákveðið vinnuferli í gang í samvinnu við deildarstjóra. Ef engir nemendur eru í Skjóli skipuleggur deildarstjóri sérkennslu vinnu umsjónarmanns Skjóls. Umsjónarmaður Skjóls skráir hegðun, vinnu og ástand nemandans í Skjólinu í dagbók hans í Mentor.

Umsjónarmaður heldur einnig skráningu yfir fjölda nemenda sem sækja Skjólið hverju sinni ( kyn, bekkjardeild, ástæða komu) og **skilar skýrslu í lok skólaárs til deildarstjóra sérkennslu.**

<b>Skjól opnun 2011 - 2012</b> Umsjón: Lovísa Hilmarsdóttir - Staður: stofa 218 - Sími 218					
	<b>Mánudagur</b>	<b>Þriðjudagur</b>	<b>Miðvikudagur</b>	<b>Fimmtudagur</b>	<b>Föstudagur</b>
08:00 - 08:40					
08:40 - 09:20					
09:20 - 09:35					
09:35 - 10:15					
10:15 - 10:55	X		X	X	X
10:55 - 11:10					
11:10 - 11:50	X	X	X		
11:50 - 12:30					
12:30 - 13:10	X	X	X	X	X
13:10 - 13:50					
13:50 - 14:00					
14:00 - 14:40					

---

## MÖTUNEYTI

---

Grindavíkurbær er með samning við Skólamat ehf. um að sjá nemendum skólans fyrir máltíðum og stykkjasölu á drykkjum og matföngum um söluop. Matseðill vikunnar birtist á heimasíðu Skólamatar sem er aðgengileg í gegnum heimasíðu skólans. Nemendur matast í matsal.

Mataráskrift er greidd fyrirfram fyrir mánuð í senn. Fyrir hver mánaðamót verða þeir, sem ætla að vera í áskrift að láta starfsfólk eldhúss vita hvort þeir verða áfram. Starfsfólk eldhúss heldur utan um áskrifendur og öll fjármál. Skólaárið 2011-2012 kostar máltíðin 249 krónur til nemenda.

---

## SÍMENNTUNARÁÆTLUN GRUNNSKÓLA GRINDAVÍKUR 2011 - 2012

---

Í grunnskólalögum er kveðið á um að skólastjóri skuli hlutast til um að móta áætlun til ákveðins tíma um hvernig símenntun starfsfólks hans skuli hagað svo að hún sé í sem bestu samræmi við áherslur skólans, sveitarfélagsins og aðalnámskrár. Þetta er einnig tekið fram í kjarasamningum kennara, starfsfólks, í skólastefnu KÍ og starfsmannastefnu Grindavíkurbæjar.

**Símenntunaráætlun** er að finna á [www.grindavik.is/grunnskoli/aetlanir](http://www.grindavik.is/grunnskoli/aetlanir)

---

## ÁFALLAÁÆTLUN

---

Ef nemendur eða starfsfólk skólans verður fyrir áföllum er áfallaráð skólans kallað saman og unnið samkvæmt áfallaáætlun skólans. Áfallaráð skipa skólastjóri, skólahjúkrunarfræðingur, námsráðgjafi, sóknarprestur og hlutaðeigandi deildarstjóri og kennarar.

**Áfallaáætlun** er að finna á [www.grindavik.is/grunnskoli/aetlanir](http://www.grindavik.is/grunnskoli/aetlanir)

---

## EINELTISÁÆTLUN

---

Í skólanum starfar hópur sem sameiginlega leitar leiða þegar eineltismál koma upp, eineltisteymi. Hlutverk teymisins er að taka til meðferðar mál, sem ekki hefur tekist að leysa á frumstigi hjá umsjónarkennara og deildarstjóra, og skilgreind hafa verið sem eineltismál. Teymið hefur umsjón með vinnu eineltismála innan skólans, vinnur samkvæmt eineltisáætlun og veitir kennurum, nemendum og foreldrum leiðsögn. Í eineltisteymi Grunnskóla Grindavíkur eru skólastjóri / deildarstjórar viðkomandi stigs, skólahjúkrunarfræðingur, námsráðgjafi og félagsráðgjafi.

- Starfsfólk skólans telur mjög mikilvægt að öllum líði vel í skólanum og að sá grundvallarréttur, að fá að vera óáreittur, sé virtur.
- Skólinn leggur áherslu á að stuðla að jákvæðum samskiptum innan skólans þar sem hver og einn er ábyrgur fyrir orðum sínum og gjörðum.
- Leitað verður allra ráða til að fyrirbyggja einelti og áhersla lögð á að leysa þau mál sem upp koma á farsælan hátt.

**Eineltisáætlun** er að finna á [www.grindavik.is/grunnskoli/aetlanir](http://www.grindavik.is/grunnskoli/aetlanir)

---

## VIÐBRAGÐÁÆTLUN ALMANNAVARNA

---

Haustið 2009 var unnin viðbragðsáætlun fyrir Grunnskóla Grindavíkur sem segir fyrir um skipulag og stjórn aðgerða í skólanum ef til heimsútbreiðslu influensu kemur. Þessi áætlun var unnin í samræmi við áætlun Almannavarna og Landsáætlun vegna heimsfaraldurs influensu.

Markmið viðbragðsáætlana skóla eru að tryggja skipulögð og samræmd viðbrögð allra skólastofnana sem og starfsmanna þeirra þegar til influensufaraldurs kemur.

**Viðbragðsáætlun almannavarna** er að finna á [www.grindavik.is/grunnskoli/aetlanir](http://www.grindavik.is/grunnskoli/aetlanir)

---

## VIÐBRÖGÐ VIÐ HÆTTUÁSTANDI

---

Handbókin *Viðbrögð við hættuástandi* inniheldur leiðbeiningar um viðbrögð við bruna, slysum, jarðskjálftum, fárviðri og sjávarflóðum. Eintak af handbókinni er í öllum stofum skólans.

**Handbókina** er að finna á [www.grindavik.is/grunnskoli/aetlanir](http://www.grindavik.is/grunnskoli/aetlanir)

---

## ÞEMADAGAR

---

Árlega er skólastarf brotið upp, í tvo til þrjá daga og farið í þemavinnu. Oftast er þetta gert á haustönn, í nóvember en það er ekki fast. Á þessum dögum er nemendum skipt í hópa sem vinna saman þvert á árganga, stundum er öllum blandað saman og stundum er farið eftir stigum.

Foreldrar hafa komið til samstarfs á þessum dögum, og hafa stundum tekið að sér ákveðin verkefni. Í lok þemadaga hafa oft verið haldnar sýningar eða uppákomur. Allir starfsmenn skólans koma að þemavinnunni og hafa þar hlutverk. Skóladagur er skertur á þemadögum, venjulega fara nemendur heim eftir að hafa borðað hádegismat. Starfsfólk nýtir það sem eftir er vinnudagsins til þess að ganga frá vinnu dagsins og undirbúa þann næsta.

Markmið þemadaga er að gefa nemendum tækifæri til að vinna með öðrum en þeir gera vanalega, vinna með óhefðbundnum hætti með óhefðbundin viðfangsefni. Nemendum gefst tækifæri til þess að nýta þá hæfileika sína sem þeir ef til vill nýta ekki í hefðbundnu skólastarfi.

Á undanförunum árum hefur verið unni með: Að búa til þjóð (2003-2004), Fjölmenningu (2009-2010), Kurteisi (2006-2007), Skólastarf í Grindavík (2008-2009), Umhverfið, list- og verkgreinar (2010-2011) svo eitthvað sé nefnt.

Skólaárið 2011 – 2012 verða þemadagar 16. – 18. apríl, stýrihópur undir stjórn Viktoríu Róbertsdóttur hefur hafið undirbúning. Í hópnum ásamt henni eru Benný Ósk Jökulsdóttir, Rósa Signý Baldursdóttir, Pálmar Örn Guðmundsson og Halldóra Halldórsdóttir. Viðfangsefni verður barna- og unglingamenning.

---

## SAMSTARF VIÐ TÓNLISTARSKÓLA GRINDAVÍKUR

---

Um árabíl hefur verið gott samstarf á milli skólans og Tónlistarskóla Grindavíkur. Forskólakennsla Tónlistarskólans fer fram í Hópsskóla á skólatíma. Nemendur í 1. og 2. bekk fara út úr kennslustundum, hálfur bekkur í senn í tónlistarkennslu, sem kennari frá Tónlistarkennaranum, Inga Björk Runólfssdóttir sinnir.

Frá haustinu 2009 hafa allir nemendur í 5. bekk fengið hljóðfærakynningu í Tónlistarskólanum. Skólaárinu er skipt í þrjár 8 vikna lotur og velja nemendur eitt hljóðfæri í hverri lotu. Þeir fara út úr kennslustund einu sinni í viku í litlum hópum. Skólaárið 2011 - 2012 er nemendum boðið upp á að velja á milli þess að læra á trompet, básúnu, fiðlu, althorn, klarinett eða læra söng.

Nemendur sem eru í tónlistarnámi fara út úr kennslustundum til að fara í Tónlistarskólann. Þetta þarf að gerast í samstarfi við kennara og foreldra og þurfa nemendur og foreldrar að sjá til þess að nemendur vinni upp það sem þeir missa af í skólanum. Þessir tímar eru „róterandi“, þ.e. nemendur mega ekki alltaf fara út úr sömu kennslustundunum og alls ekki þeim sem þeir standa illa í.

